

Skriðuföll á Siglufirði

Halldór G. Pétursson og Þorsteinn Sæmundsson

Unnið fyrir Veðurstofu Íslands og Ofanflóðasjóð

NÍ-99011

Akureyri, 1999

EFNISYFIRLIT

1 INNGANGUR	3
2 SKRIÐUANNÁLL	3
3 FORNAR SKRIÐUR	10
4 SKRIÐAN Á RÁEYRI	13
5 SKRIÐUFÖLL AF VÖLDUM JARÐSKJÁLFTA	14
6 SKRIÐUFÖLL Á VEGINA Í NÁGRENNI SIGLUFJARÐAR	15
7 NIÐURSTÖÐUR	16
8 HEIMILDIR	16

TÖFLUR OG MYNDIR

Tafla 1. Yfirlit um flóð og skriðuföll 1933-1999	19
Mynd 1. Skriðusvæði á Siglufirði	20
Mynd 2. Staðsett skriðuföll á Siglufirði 1933-1999	21
Mynd 3. Forn skriðuföll í Siglufirði	22
Mynd 4. Berghlaupið ofan við Ráeyri	23

1 INNGANGUR

Skýrsla þessi, sem er unnin í samvinnu Náttúrufræðistofnunar Íslands (Halldór G. Pétursson) og Veðurstofu Íslands (Þorsteinn Sæmundsson) er hluti af vinnu sem unnin er vegna könnunar á skriðuhættu í og við Siglufjarðarkaupstað. Hér er fyrst og fremst fjallað um sögu skriðufalla á Siglufirði og er aðallega byggt á rituðum heimildum frá þessari öld. Samkvæmt þeim nær saga skriðufalla í kaupstaðnum ekki lengra aftur en til 1933 og af þeim skriðum er aðeins lítil hluti örugglega staðsettur. Þar er fyrst og fremst um að ræða skriður sem valdið hafa einhverjum spjöllum í bænum. Að sjálfsögðu nær skriðusagan mun lengra aftur, og á svæðinu og annarstaðar í firðinum hafa fallið mun fleiri skriður, en þær sem hér er fjallað um. Um það vitna eldri heimildir, en þær gefa berlega til kynna að Siglufjarðarsvæðið er með virkari skriðufallasvæðum á landinu. Til að fá betri yfirsýn voru jarðfræðileg ummerki eftir skriðuföll og snjóflóð á Siglufirði kortlögð, en um það fjallar önnur skýrsla eftir okkur, sem hér með vísast til (Þorsteinn Sæmundsson og Halldór G. Pétursson 1999).

Á Siglufirði hafa verið skilgreind fjögur skriðufallasvæði í fjallshlíðinni ofan við bæinn (mynd 1). Innan svæðanna er skriður ýmist bundar við farvegi eða hafa fallið úr hlíðinni á milli þeirra (Þorsteinn Sæmundsson og Halldór G. Pétursson 1999). Vatnsflóð og skriður sem borist hafa niður í bæinn á tímabilinu (1933-1999), hafa oft valdið miklum spjöllum og eignatjóni. Í þessari skýrslu er auk þess fjallað um forn skriðuföll í Siglufirði og sérstaklega um skriðuna miklu sem féll á Ráeyri árið 1830. Þá er einnig fjallað um hættu á skriðuföllum og grjóthruni á svæðinu vegna jarðskjálfta og skriðuhættu á vegunum í nágrenni Siglufjarðar.

Við félagarnir höfum skift með okkur verkum á þann hátt að ég (Halldór G. Pétursson) hef fyrst og fremst séð um heimildavinnu, en Þorsteinn Sæmundsson kannað aðstæður á vettvangi. Hann ræddi auk þess við heimamenn og aflaði mikilvægra upplýsinga hjá þeim. Viljum við sérstaklega þakka þeim Páli Helgasyni, Sigurði Hlödverssyni, Hreini Júlíussyni og Þorsteini Jóhannessyni fyrir aðstoðina.

2 SKRIÐUANNÁLL

Skriðuannállinn sem hér birtist er skriðusaga Siglufjarðarkaupstaðar á þessari öld og eru upplýsingar fyrst og fremst fengnar úr dag- og fréttablöðum þess tíma sem atburðirnir urðu. Þessar upplýsingar hafa verið tíndar saman fyrir landið allt í skriðuannálum sem Ólafur Jónsson (1957, 1974) og Halldór G. Pétursson (1991, 1992, 1993, 1994, 1996, 1997) hafa tekið saman. Hér hefur verið sá háttur hafður á að textinn er stundum tekinn beint upp úr frumheimildinni, þótt hennar sé ekki getið á annan hátt en með gæsalöppum. Í önnur skifti höfum við sett sjálfir sett saman lýsingu. Ef menn æskja þess að kanna frumheimildir nánar, þá eru tilvísanir í þær í skriðuannálinum, en allar þær upplýsingar eru til í gagnasafni Náttúrufræðistofnunar Íslands á Akureyri. Til glöggvunar þá höfum við einnig bætt við athugasemdum og upplýsingum um veðurfar og úrkomu þá daga sem skriðuföllin urðu. Eru flestar þær upplýsingar fengnar úr Veðráttunni. Skriðusaga Siglufjarðar er að sjálfsögðu mun lengri eins og berlega kemur fram í umfjölluninni um fornar skriður (kafla 3) og þeim jarðfræðilegu ummerkjum sem finnast við Siglufjarðarkaupstað (Þorsteinn Sæmunds-

son og Halldór G. Pétursson 1999). Þá má búast við heimildaskráningin geti hafa verið gloppótt og einhverjar skriður sem fallið hafa á tímabilinu (1933-1999) vanti í upptalninguna. Í þessu sambandi er rétt að minna á þann stigs mun sem er á milli vatnsflóða og skriðufalla og eflaust hafa skriður fallið í fjallinu fyrir ofan kaupstaðinn, þótt aðeins hafi orðið flóð og aurrennsli í bænum. Vantar eflaust mikið á að til séu heimildir um öll þau vatnsflóð sem orðið hafa í bænum á þessu tímabili. Hvað snertir skriðuföll, þá er það reynsla okkar að það eru fyrst og fremst þær skriður sem valda einhverjum spjöllum þegar þær falla, sem rata í heimildir. Af þessum skriðum hefur tekist að staðsetja nokkar og er staðsetning þeirra sýnd á mynd 2.

19. ágúst 1933, Fífladalagil (svæði C)

Skriður: „Aurskriða féll niður sunnan við Búðarhólana, ofan við Skriðuhverfið“. Að öllum líkindum hefur hlaupið úr Fífladalagili.

Tjón/atburðarás: „Klukkan 13 í dag (19.08.) féll aurskriða sunnan við Búðarhólana hér í bænum og fram í sjó. Bar hún aur og mól umhverfis allmörg hús og rann inn í kjallara á tveimur stöðum og eitt sjóhúsanna neðan við bakkann, en olli engum stórskemmdum“. „Rigningar miklar gengu síðastliðna viku (17.-20. ág.) og meiri en vanalegt er hér á þessum tíma. Kuldi var ekki mikill og snjóaði aðeins efst í fjöll. Lækir og ár beljuðu fram, og það sumstaðar þar sem engra lækja var von og þeir aldrei hafa sést áður. Aurskriða allmikil hljóp niður eftir gílinu fyrir ofan Skriðuhverfið, og alla leið niður fyrir bakka. Lá við að hún færi inn í sum af húsunum, er næst voru leið hennar, stóðu menn viðbúnir er hún fór fram hjá til þess að stemma stigu fyrir skemmdum af völdum hennar“.

Veður: Þann 17.-20. ág. var óveður og mikil rigning norðanlands. (Hraun í Fljótum 19.08.33. - 46.7 mm).

Heimildir: Veðráttan, ág. 1933, Ólafur Jónsson 1957, Halldór G. Pétursson 1996.

3. september 1934 (svæði C)

Skriður: Smáskriður féllu víða í fjallinu ofan við Siglufjarðarkaupstað í miklu vatnsveðri. Einnig féllu skriður við Sauðanesvita og í Engidal.

Tjón/atburðarás: „Á mánudag (03.09.) gerði þá mestu rigningu sem komið hefur hér á þessu sumri. Féllu smáskriður hér ofan úr fjallinu, og í hverju gili og skorningi fossuðu lækir, víða kolmórauðir af aur og leðju. Á tímabili varð mikið vatnsflóð ofan til á eyrinni svo fossaði yfir götur og sumstaðar var tæplega stígvélatækt kringum hús“. „Margar smáskriður hafa hrunið úr fjallinu, en ekki gert verulegt tjón“. „Vatn flóði inn í hús og yfir götur, en smáskriður féllu heim að húsum“.

Talið er að margar af þessu skriðum hafi fallið úr fjallinu ofan við Skriðuhverfið (svæði C).

Veður: Þann 1.-4. var A- og NA-veðrátta. Mjög rigningasamt á Norður- og Austurlandi. „Á mánudag (03.09.) gerði þá mestu rigningu sem komið hefur hér (Siglufjörður) á þessu sumri“.

Heimildir: Veðráttan sept. 1934, Ólafur Jónsson 1957, Halldór G. Pétursson 1996.

Ath: Í þessari rigningu féll aurskriða sitt hvorum megin við vitann og íbúðarhúsið á Sauðanesi. Skriðan var um 200 m breið og um 1.5 - 2 m á þykkt. Hún rann mjög hægt og því var minni hætta af henni en ella og aðalskemmdir af henni urðu á túnum og nýrækt. Þá féll skriða í svonefdu Herkonugili, milli Engidals og Dalabæjar. Það grófst niður um marga metra og tók veginn þar í sundur.

Að vorlagi, líklega um 1950, norðan við Fífladalagil (svæði C)

Skriður: Aurskriða féll ofan úr Fífladölum og kom niður norðan við Fífladalagil.

Tjón/atburðarás: Skriðan féll um svokallaða Péturshóla og lenti á ofanverðum kirkjugarðinum. Á þeim tíma var ekki búið að stækka kirkjugarðinn. Páll Helgason heyrði í skriðunni nokkru áður en að hún kom fram af brún Fífladala og hefur hún því átt upptök sín nokkuð ofarlega.

Veður: ?

Heimild: Páll Helgason, munnlegar upplýsingar 1999.

15.-18. apríl 1955, Gimbraklettur, Fífladalagil (svæði C)

Skriður: Nokkrar skriður féllu á byggðina á Siglufirði. Fyrsta hrinan kom þann 15. Þá féllu skriður í úr 250-300 m hæð rétt sunnan við Hvanneyrarskál. Síðari hrinan kom þann 18. Þá féllu fjórar skriður á kaupstaðinn og skemmdu 12-15 lóðir. Þær skriður féllu á svæðinu frá Þormóðsgötu og suður að Skriðustíg í „Skriðuhverfi“. Upptök þeirra voru nokkuð sunnar og hærra en þeirra sem féllu þann 15., eða í um 400 m hæð.

Tjón/atburðarás: 15. apríl: „Seint í gærkvöld, um kl. 21:40 heyrði fólk skruðning mikinn úr fjallinu hér fyrir ofan bæinn. Hafði farið af stað aurskriða, en mikil rigning var hér í gærkvöldi. Skriða þessi var allmikil, en úr krafti hennar dró framræsluskurður sem er í hlíðinni fyrir ofan húsinn. En skurðurinn fylltist fljótt og rann þá skriðan áfram og niður að húsunum. Reif hún upp jarðveginn og eyðilagði talsvert lóðir þær sem hún fór yfir og einnig Hólaveginn. Skurðurinn sem tók af mesta kraft skriðunnar er nokkuð djúpur, en hann fylltist af aur og grjóti á 40-50 m svæði. Er talið að hann hafi forðað mörgum húsum og lóðum frá miklum skemmdum. Upptök skriðunnar voru í 250-300 m hæð, í skriðurákum rétt sunnan við Hvanneyrarskálina. Líklegt er að frost hafi verið þarna í jörð, en þítt ofan á“.

18. apríl: „Fádæma rigningu gerði hér seint í gærkveldi (18.04.), er olli því, að aurskriður hlupu úr fjallinu fyrir ofan bæinn, spilltu túnnum, en fólk flýði hús sín. Milli kl. 22 og 01 rigndi óhemju mikið og tóku þá að hlaupa aurskriður úr fjallinu. Skriðurnar féllu allar á svæðinu frá Þormóðsgötu að norðan og suður að Skriðustíg í Skriðuhverfi svonefndu, en skriðurnar komu þaðan sem heitir Gimbraklettur. Aurinn beljaði niður fjallið, hljóp á tún og spillti þeim, og inn í kjallara á nokkrum húsum. Hlíðarvegurinn er illfær gangandi fólki, hvað þá farartækjum. Fólk flýði hús sín á þessu svæði, enda leit illa út um tíma og voru um 15 hús yfirgefin. Féll skriða á eitt íbúðarhús en skemmdi það ekki. Ekki mun hafa orðið neitt tjón á húsum, sem heitið geti, hins vegar er sums staðar ófært á vegum, svo sem á Hólavegi og Hlíðarvegi“. „Skriðurnar fóru alla leið niður á ípróttavöll og náðu yfir um 100 m breitt svæði í hlíðinni. Upptök þeirra eru í Hafnarhyrnu“. „Upptökin voru sunnar og ofar en fyrstu skriðunnar (15.04.), líklega í 400 m hæð, í tindinum sunnan við Hvanneyrarskálina“. „Aurleðjan eftir skriðurnar er víða um heill metri á þykkt og flutti hún með sér stóra steina. Er til dæmis talið, að tveir steinar, sem komu með skriðunum í byggð, séu meira en heil smálest að þyngd. Þeir hafa að öllum líkindum brotnað úr Gimbrakletti hinum ytri, því önnur skriðuálman féll fram fyrir klettana“. „Þessi hlaup urðu um klukkan 22.30“.

Líklegt er að þessar skriður hafi fallið á lóðir á Hólavegi 6, 7 og 8 og Hlíðarvegi 19. Skriðan fór inn í kjallara á Hólavegi 8 og hélt áfram niður á svokallað Bretatún. Framræsluskurður dró mjög úr skriðunni (svokallaður neðri skurður) en hann fylltist af aur og grjóti á 40-50 m svæði.

Þá féll önnur skriða á sama stað og skriðan féll þann 15. Þessi náði ekki eins langt niður og nam neðri brún hennar við girðingu við efsta húsið. Þessi síðari hlaup voru mun grýttari og fóru hraðar yfir en þau fyrri.

Skriður féllu einnig sunnar úr Hafnarhyrnu, líklega úr eða við Fífladalagil (svæði C). Þar skemmdi aurrennsli hús, garð og girðingu. (Hús Þorláks Guðmundssonar - Hávegur 10, skv. Hörpu Grímsdóttur 1998).

Veður: „Þann 15. apríl var suðlæg átt á Siglufirði, þið jörð, milt veður, en skýjað loft, og fór að rigna, er á daginn leið. Eftir kl. 19 óx rigningin og gerði stóruþfell um og eftir kl. 21. Jafnframt hvessti“. „Þann 18. apríl var blítt veður á Siglufirði, sunnanátt og skúraleiðingar. Er á kvöldið leið, gerði stórrigningu af suðri, fyrst með nokkurri golu, en lyngdi síðan“. (Siglunes 19.04.55. - 22.9 mm).

Heimildir: Veðráttan, apr. 1955, Ólafur Jónsson 1957 (en heimildarmaður Ólafs var Guðbrandur Magnússon kennari á Siglufirði), Halldór G. Pétursson 1992.

Ath: Dagsetning fyrri skriðanna er aðeins á reiki, en flestum heimildum ber saman um að þær hafi fallið þann 15. Í apríl mánuði voru töluverð skriðuföll á landinu og ollu flestum þeirra, að því er virðist leysingar með rigningum.

Líklega um haust 1962, Syðra Strengsgil (svæði A)

Skriður: Aurskriða féll úr Syðra Strengsgili.

Tjón/atburðarás: Skriðan olli ekki öðru tjóni en að hún spillti tünnum svo þau voru ekki nytjuð í nokkur ár á eftir. Skriðan fór yfir svæði þar sem nú er Suðurgata 86. Skriðan náði niður fyrir veg (Suðurgötu).

Veður: ?

Heimildir: Sigurður Hlöðversson, Hreinn Júlíusson og Þorsteinn Jóhannesson, munnlegar upplýsingar 1999.

1. september 1965, sunnan við Gimbrakletta (svæði C), Strákafjall

Skriður: Aurskriða féll úr Hafnarhyrnu sunnan við Gimbrakletta og einnig féllu skriður úr Strákafjalli.

Tjón/atburðarás: „Um kl. 13 í dag (01.09.) féll aurskriða úr fjallshlíðinni ofan við bæinn sunnan svokallaðra Gimbrakletta. Hún skar í sundur veg, sem liggur upp í Hvanneyrarskál og fyllti á kafla svonefndan efri skurð, en það er skurður sem ætlaður er til að taka á móti vatns- og aurrennsli úr fjallinu. Þaðan hélt skriðan áfram niður undir efstu hús bæjarins, en stöðvaðist í svonefndum neðri skurði, sem þjónar sama tilgangi og hinn. Hefðu þessir skurðir ekki verið til staðar er vafalaust að skriðan hefði valdið skemmdum á lóðum og máski öðrum verðmætum“.

„Þá féllu nokkrar smærri aurskriður úr Strákafjalli á vegarruðninginn út að jarðgöngunum. Var sá vegur ófær um tíma í morgun (01.09.)“.

Veður: „Í gær (31.08.) var hér hiti og gott veður, eftir margra daga úrfelli og snjókomu, en í nótt (01.09.) gekk aftur á með úrfelli og mun það orsök skriðufallanna“.

Heimildir: Ólafur Jónsson 1974, Halldór G. Pétursson 1992.

Ath: Í þetta skiftið féll einnig snjóflóð í Siglufjarðarskarði.

7. október 1973, við Strákagöng

Skriður: Strákagöng lokuðust vegna skriðufalla.

Tjón/atburðarás: „Úrkoman hefur verið með eindæmum hér á Siglufirði síðasta sólarhringinn. Lækir ruddust niður fjallshlíðina og flæddu jafnvel niður í kjallara á sumum húsum. Austan megin við Strákagöng, þ.e. Siglufjarðarmegin féll aurskriða

með grjóti. Meiri skemmdir urðu þó vestan megin gangnanna. Þar féll skriða og mikið vatn gróf sig niður í veginn og skar hann í sundur“.

Veður: „Úrkomu hefur verið með eindæmum hér á Siglufirði síðasta sólarhringinn“. Norðaustanátt? (Reyðará 08.10.73. - 40 mm).

Heimildir: Veðráttan, okt. 1973, Halldór G. Pétursson 1991.

16.-18. ágúst 1982, Syðra Strengsgil (svæði A)

Skriður: Nokkrar skriður féllu úr Syðra Strengsgili og ollu verulegum skemmdum.

Tjón/atburðarás: 16. ágúst: „Fjórar aurskriður féllu á Siglufirði í gærmorgun (16.08.), eftir miklar rigningar þá um morguninn og nóttina áður“.

Snemma um morgun þann 16. voru bæjarstarfsmenn á Siglufirði að veita vatnsflaumi, sem kom ofan hlíðina í niðurföll og hreinsa frá ristum til að verjast skemmdum af völdum vatnsins. Um kl. 8 heyrðu þeir miklar drunur uppi í fjallinu og síðan féll fyrsta aurskriðan. Hún féll úr Syðra Strengsgili í Hafnarfjalli, fór ofan í mjótt gil og spýttist með feiknarlegum krafti út úr gilinu, 100-200 m breið. Þegar hún kom út úr gilinu dreifðist hún, en 20-25 m breið læna hélt áfram og fór að íbúðarhúsi (Suðurgata 86), yfir óbyggða lóð og yfir Suðurgötu. Gatan lokaðist en 1-1.5 m lag af aur og grjóti var á henni á um 20 m kafla. Húsið sem varð fyrir skriðunni skemmdist ekkert, en aurinn náði upp á miðja vegg á norðurhlið og suður eftir vesturhlið. Lóðin var meira og minna ónýt. Skriðan virtist haga sér þannig að hún stoppaði öðruhverju og lagði síðan af stað aftur.

Önnur skriðan féll um kl. 8:30. Hún var stór og stoppaði uppi í hlíðinni, safnaði þar í sig vatni og eftir 10-15 mínútur og sprakk síðan fram með feiknaafli. Bæjarstarfsmenn höfðu þá grafið skurð til að verja húsið sem var í mestri hættu. Þriðja aðalskriðan féll síðan um 9:30. Sú síðasta kom í hádeginu. Sú var að mestu vatn og grjót og fór niður um allt hverfið fyrir neðan.

Talið var að fleiri þúsundir, ef ekki tugir þúsunda rúmmetra af jarðvegi hefðu færst til uppi í fjallinu og þar urðu miklar breytingar í þessum skriðuföllum. Fólk var ekki talið beinlínis í hættu, en þó voru íbúar í 12 húsa hverfi þarna næst fyrir neðan varaðir við. Nokkrir yfirgáfu hús sín vegna þessa.

„Í gær (16.08.) var unnið að því að opna Suðurgötu, áætlað að á götunni hefðu verið 100-200 m³ af aur og grjóti“.

17.-18. ágúst: Hellirigning var áfram í Siglufirði, skriðuföll héldu áfram og sennilega hafa fallið þrjár skriður til viðbótar. Sú fyrsta féll kl. 23. þ. 17., önnur um kl. 1:30 þ. 18. og sú síðasta kl. 3:30 þann 18. Menn töldu að ný fylla hefði sennilega ekki farið úr fjallinu, heldur hafi gilið verið að hreinsa sig. Þegar svona mikið rigndi og vatnið kom í aurinn, sem komið hafði í gilið þann 16., þynntist hann, fór af stað og dreifðist meira. Ekki varð meira eignatjón, en skriðan fyllti Suðurgötu aftur. Þunn vatnsleðja rann niður allan bæ og niður í sjó.

„Í gær (18.08) var unnið að því að grafa rás í fjallið ofan við byggðina og er henni ætlað að að taka við fleiri aurskriðum ef þær koma og veita þeim suðurfyrir bæinn. Önnur umferð um fjallið var bönnuð. Uppi í fjallinu hafa myndast stórar sprungur og í þær hefur safnast vatn. Talin er mest hættu á að þessar sprungur fyllist alveg af vatni, og vatnið og drullan ryðjist síðan niður brekkurnar í átt að bænum“.

Veður: Lægð var suðaustan við land þ. 16.-18., og úrkomusvæði yfir norðan- og austanverðu landinu. Að morgni 17. mældist mest úrkoma á Vestfjörðum, en þ. 18. og 19. var hún meiri á Norður og Austurlandi. Norðanstrengur var yfir norðvestanverðu landinu þ. 16., og aftur þ. 18., en annars var vindur yfirleitt hægur. Úrkomuhámark í mánuðinum á Siglufirði var 10.08., en þá féllu 190.5 mm, í mánuðinum féllu þar

samtals 356.8 mm. Aðar úrkomutölur frá Siglufirði í ágústmánuði eru: 09.08. - 30.1 mm, 16.08. - 30 mm, 17.08 - 7 mm og 18.08. - 60 mm.

Heimildir: Veðráttan, ág. 1982, Halldór G. Pétursson 1991, Gögn Veðurstofunnar.

25. október 1985, Hafnarfjall, Strákar

Skriður: Aurskriður féllu fyrir ofan Siglufjörð og við Strákagöng. Þá féllu einnig skriður við Sauðanes og í Mánárskriðum.

Tjón/atburðarás: „Gífurleg úrkoma er á Siglufirði og er neyðarástand að skapast í bænum vegna vatnavaxta. Hvanneyraráin og Bæjarlækurinn flæða yfir bakka sína og flætt hefur inn í 20-30 hús“. Þá féllu nokkrar aurskriður úr fjallinu ofan við Siglufjarðarkaupstað, en varnargarðar stöðvuðu þær að mestu. Miklar aurskriður féllu á veginn bæði austan og vestan við Strákagöng og lokaðist vegurinn af þeim sökum. Þar féll skriða á veginn við Sauðanes og lokaði honum. Þá féllu einnig skriður á veginn í Mánárskriðum.

Veður: Þann 25. var lægð á Grænlandshafi og skil fóru norður yfir land. Vindur var hvass milli suðurs og vesturs. Mikil úrkoma var sums staðar á Norðurlandi, austur til Eyjafjarðar. (Siglufjörður 26.10.85. - 64.4 mm, Siglunes 26.10.85. - 49.3).

Heimildir: Veðráttan, okt. 1985, Halldór G. Pétursson 1991.

Ath: Þessi mikla úrkoma varð ofan í jafnfallinn snjó, svo af hlutust miklir vatnavextir og vegaspjöll. Mikil skriðuföll voru víða á öllu vestanverðu Norðurlandi og við Eyjafjörð að vestan.

19. maí 1986, Strákar

Skriður: Grjóthrun vestan við Stráka.

Tjón/atburðarás: Bifreið á leið til Siglufjarðar varð fyrir grjóthruni vestan við Stráka. Grjótið lenti á hægri framhurð og er hún ónýt. Engin slys urðu á mönnum. Kannað var hvort frekari hættu væri á grjóthruni við göngin og eins við Mánárskriður, eins og oft vill verða í leysingum um þetta leyti árs, en svo reyndist ekki vera.

Veður: Norðanátt, rigning og slydda.

Heimild: Halldór G. Pétursson 1991.

26. júlí 1988, Strákar

Skriður: Grjót og skriður féllu víða í nágrenni Siglufjarðar.

Tjón/atburðarás: Skriður féllu víða í nágrenni Siglufjarðar í miklu vatnsveðri sem gekk yfir Norðurland. Skriða lokaði veginum rétt fyrir utan Siglufjarðarbæ. Við Sauðanesvita myndaði skriða 40-50 m breitt skarð í veginn og vegurinn um Mánárskriður var mjög illa farinn vegna grjóthruns og skriðufalla.

Veður: Mikil lægð var að grynast fyrir austan land. Um norðan og austanvert landið var rigning og úrkoma víða óvenju mikil. (Siglufjörður 27.07.88 - 120.2 mm, Siglunes 27.07.88. - 31 mm).

Heimildir: Veðráttan, júlí 1988, Halldór G. Pétursson 1991.

27. ágúst 1988, Skarðsdalur

Skriður: Aurskriða féll í þáverandi vatnsból Siglfirðinga á Skarðsdal og einnig féllu margar skriður í hlíðinni sunnan við Skarðsdal.

Tjón/atburðarás: Aurskriða féll niður undir vatnsból Siglfirðinga og náði hún að menga vatnið af drullu. Skemmdir urðu á gróðri.

Veður: Djúp lægð var vestur af Skotlandi þ. 27. og hreyfðist norðnorðaustur. Þann dag og þ. 28 var norðan hvassviðri og úrhellisrigning við norðurströndina og á

Austfjörðum, en langmest mældist úrkoma á norðanverðum Tröllaskaga. (Siglufjörður 28.08.88. - 97.6 mm, Siglunes 28.08.88. - 30.4 mm).

Heimildir: Halldór G. Pétursson 1991, Sigurður Hlöðversson, Hreinn Júlíusson og Þorsteinn Jóhannesson, munnlegar upplýsingar 1999.

Ath: Í þessu veðri urðu mikil skriðuföll í Ólafsfirði, eins og frægt er orðið.

13. október 1994, Hafnarlækur (svæði A/B)

Skriður: Mikið flóð á Siglufirði vegna gríðarlegrar úrkomu, skriðuföll voru einhver en ekki virðist sem skriður hafi verið mjög stórar.

Tjón/atburðarás: „Milljónatjón vegna aur- og vatnsflaums varð í fyrrinótt í Siglufirði. Meðal annars flæddi inn í þrjú íbúðarhús, frárennslisrör bæjarins stífluðust og þjóðvegurinn til Siglufjarðar lokaðist um tíma vegna aurs. Gríðarleg úrkoma varð í fyrrinótt í Siglufirði. Mældist hún 80 mm á 15 klst. og er þetta með mestu úrkomu frá því að mælingar hófust“.

Menn urðu fyrst varir við að farið var að flæða inn í hús um kl. 3:30 um nóttina. Þetta hófst er litlar aurskriður tóku að falla og stífla niðurföll bæjarins. Svokallaður Hafnarlækur rann yfir bakka sína og flæddi um götur og garða og eru lóðir víða illa farnar og skemmdar vegna aurs og leðju sem barst með læknum. Aðaltjónið er í holræsakerfi bæjarins sem er nú mjög víða stíflað af eðju og aur og nemur það tjón milljónum króna. Þegar bæjarstarfsmenn komu á vettvang um kl. 4:30 hafi mikið gengið á í fjallinu, miklar drunur heyrst og vatnið steypst niður fjallið. Aurskriðurnar hafa nánast sprengt upp farveg Hafnarlækjarins, sem alla jafna er mjög líttill, ofan bæjarins. Vatnið í farvegi lækjarins var þó mjög mikið með tilheyrandi grjót-, aur- og malarburði, og stíflaði stokka sem lækurinn fellur í síðustu 500 m til sjávar. Vatnið flæddi því á mörgum stöðum yfir lóðir efstu húsanna í Suðurbænum, inn í kjallara þriggja húsa, holræsakerfið stíflaðist strax og vatnið flæddi um göturnar. Í Fljótum féllu víða aurskriður, sérstaklega við Mánarskriður. Þá féllu einnig nokkrar spýjur við Strákagöng og út við Sauðanes.

Veður: Lægðardrag sem lá yfir öllu Norðurlandi olli óhemjuúrkomu þann 13. okt. Mest var úrkoman á annesjum, en minna er sunnar dró. Úrkoman á Siglufirði var 80 mm, á 15 tímum. Á Tjörn í Svarfaðardal mældist úrkoman þessa nótt 39 mm. (Sauðanesviti 13.10.94. - 86.4 mm).

Heimildir: Veðráttan, okt. 1994, Halldór G. Pétursson 1995.

Ath: Í þessu veðri urðu auk þess töluverð skriðuföll í Svarfaðardal.

5-6. okt. 1995

Skriður?/flóð: Mikið flóð varð á Siglufirði og vatn flæddi a.m.k. inn í fjögur hús við Gránugötu og Grundargötu á Siglufirði.

Tjón/atburðarás: Mikið úrhelli varð á Siglufirði og í nágrenni og mældist sólarhringsúrkoman á Sauðanesi um 50 mm. Jarðsig, grjóthrun og skriðuföll urðu á leiðinni frá Ketilási í Fljótum og í Siglufjörð. Ekki er getið um skriðuföll eða grjóthrun á Siglufirði, en einungis um vatnavexti og flóð. Þess er þó getið að menn hafi verið farnir að óttast aurskriður. Miðað við úrkomumagnið er þó ekki ólíklegt að einhverjar spýjur hafi farið af stað. Vatn flæddi a.m.k. inn í fjögur hús við Gránugötu og Grundargötu og ollið vatnið einhverjum skemmdum í tveimur eða fjórum íbúðum. Þurfti að dæla vatni úr kjöllum húsa.

Veður: Mikið úrhelli varð á Siglufirði og í nágrenni og mældist sólarhringsúrkoman á Sauðanesi um 50 mm.

Heimild: Gögn Náttúrufræðistofnunar.

6. okt. 1997, Strákar

Grjóthrun: Grjót hrundi á veginn við Strákagöng.

Tjón/atburðarás: Óþverraveður var á Siglufirði fyrri hluta dags, þar sem þakplötur fuku, gámur, bátur og bíll. Geysileg rigning fylgdi veðrinu (hvöss austanátt með rigningu) og voru bæjarstarfsmenn og vegagerðarmenn önnum kafnir við að losa stíflur úr ræsum, auk þess sem grjót hrundi á veginn við bæinn. Grjótið mun hafa fallið á veginn við jarðgöngin, en ekki er getið um hvorum megin það var.

Veður: Hvöss austanátt með rigningu, mikil skriðuföll urðu á Austfjörðum.

Heimild: Gögn Náttúrufræðistofnunar.

3 FORNAR SKRIÐUR

Ýmsar upplýsingar eru til um forn skriðuföll í Siglufirði og er þar helst að geta Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalín en hún var tekin saman um Siglufjörð árið 1712. Í henni kemur fram að flestar jarðir í firðinum liggja undir áföllum eða skemmdum af völdum skriðufalla, svo ekki sé talað um snjóflóð. Auk þess hafa fundist ýmsar fleiri heimildir um forn skriðuföll í Siglufirði og vel má vera að ýmislegt fleira fróðlegt finnist ef áfram er leitað. Allar þessar upplýsingar eru skráðar í listann hér á eftir. Þá hafa þær jarðir, þar sem getið er um skriðuföll verið merktar á mynd 3.

Sum af þeim skriðuföllum sem getið er í Jarðabókinni hefur Ólafi Jónssyni (1957) tekist að ársetja. Lýsingar eins sú sem fer hér fyrst í upptalningunni hér á eftir bera með sér að flest skriðuföllin hafa orðið á úthaga eða engi. Þó er getið a.m.k. fjögurra bæja í Siglufirði sem eyðst hafa af skriðuföllum á umliðnum öldum. Þar á meðal er Höfn eða Efri-Höfn, sem líklega stóð sunnan undir Jörundarskál, sunnan við bæjarmörkin. Þá var bærinn Ráeyri undir mikilli grjót- og aurskriðu snemma árs árið 1830. Það skriðufall virðist reyndar hafa verið það stórkostlegt að ástæða hefur þótt til að skrifa um það sérkafla í skýrslu þessari (kafli 4).

Varla þarf að efast um að breytt veðurfar á síðustu öldum hefur haft mjög mikil áhrif á tíðni skriðufalla á Siglufjarðarsvæðinu. Með auknum áhrifum heimskautaloftlags verða öll landmótunarferli mikilvirkari og tíðari. Ef til vill sjáum við það endurspeglast í Jarðabókinni, almenna hnignun landsgæða vegna harðari veðurskilyrða á því tímabili sem af sumum hefur verið nefnt „litla ísöldin“.

Almennt um Siglufjörð á fyrri hluta 19. aldar: Landkostir eru yfirhöfuð mjög litlir í prestakallinu. Kvistland er lítið í Siglufirði en meira í Héðinsfirði. Forar- og fúamýrlendur eru víða bæði á undirlendi sem og hátt upp til fjallshlíða og alls staðar yfirhöfuð votlent mjög. Auk þessa spillist fjalllendi allt mjög svo af skriðum, er ár hvert fara ofan hér og hvar, einkum á vorum framan af, þá leysingar og aurar eru miklir (Sýslu- og sóknarlýsingar 1839-1854, Magnús Kristinsson 1972).

Selkot: Fóðrast kunní ein kú, seinast byggt var (ca. 1698), en nú miklu minna, sakir óræktar og skriðufalla á engið, og því má ekki aftur byggja (úr Jarðabókinni 1712). - Ólafur Jónsson (1957) segir svo um árið 1698. „Olavius telur Selkot á Siglufirði eytt af skriðu og snjóflóði 1710-1720, en samkvæmt Jarðabókinni hefur það farið í eyði

1698, og er líklegt að skriðuhlaup hafi því valdið, þótt eigi sé þess getið“. Selkot eða Hvanneyrarsel var hjáleiga Hvanneyrar og stóð út með sjónum á selstæði staðarins.

Hvanneyri: Engið er stórlega skemmt af skriðum, sem á eykst meir og meir (úr Jarðabókinni 1712). - Skriðuhætt (úr jarðalýsingu 1849, Sigurjón Sigtryggsson 1986).

Höfn: Enginu spilla skriður úr fjallinu til stórs skaða (úr Jarðabókinni 1712). - Skriðuhætt (úr jarðalýsingu 1849, Sigurjón Sigtryggsson 1986).

- „Á ofanveðri 17. öld bjó sá bóndi í Höfn í Siglufirði, er Höskuldur hét. Þá stóð Efri-Hafnarbær sunnanvert við gilið, sem skerst niður úr Jörundarskál og rétt neðan við Nautaskálarhóla. Hefur skriða fallið síðan niður úr gilinu og runnið yfir mestan hluta túnsins, en fyrir bæjartóttunum og túngarðinum sést enn allgreinilega á löngum kafla. Eftir það er skriðan eyðilagði mestan hluta túnsins, var bærinn færður þangað sem hann stendur nú, en þó hélst byggð við á gamla bæjarstæðinu og var nefnd Minnihöfn. Síðan lagðist hún líka niður, líklega vegna þess að skriða hefur aftur fallið þar, enda má sjá merki eftir skriður og snjóflóð, þótt ekki hafi þau náð að renna yfir bæjarhólinn. Var þar síðar gerður stekkur, og hefur haldist við túnrækt í hólum langt fram á síðastliðna öld, sést að þar hefur verið heyjað. Hóll þessi er ýmist nefndur Minnihöfn eða Hafnarstekkur“ (Galdra-Höskuldur, Gríma 11, Jónas Rafnar og Þorsteinn M. Jónsson 1936).

- Ólafur Jónsson (1957) getur sér þess til að þetta hafi hugsanlega gerst árið 1648 eða 1649. Sigurjón Sigtryggsson (1986) getur þess að þar sem kallað er Hafnarsekkur, hafi til skamms tíma sést nokkrar fornar tóftir og garðbrot í skriðujarðri. Mikil skriða hefur fallið úr fjallinu og grafið meiri hluta túnsins og sennilega einhverjar byggingar undir grjótfargi.

Skarðsdalur: Enginu spillir grjóthrun úr fjallinu og skriður til stórs skaða (úr Jarðabókinni 1712). - Ekki er frítt fyrir skriðum (úr jarðalýsingu 1849, Sigurjón Sigtryggsson 1986).

Leyningur: Enginu spillir vatnsuppgangur, sem étur úr rótina, og skriður úr fjallinu, hvoru tveggja til stórs skaða (úr Jarðabókinni 1712). - Mótak sæmilegt, hætt við skriðum á engi og haga (úr jarðalýsingu 1849, Sigurjón Sigtryggsson 1986).

Hóll: Engið spillist víða úr skriðum úr fjallinu (úr Jarðabókinni 1712). - Hætt við skriðum og snjóflóðum (úr Jarðalýsingu 1849, Sigurjón Sigtryggsson 1986).

Saurbær: Torfrista og mótak gott, skriðuhætt í búfjánhögum (úr jarðalýsingu 1849, Sigurjón Sigtryggsson 1986).

Ráeyri: (Sjá kafla 4) mun hafa verið með elstu býlum fjarðarins, en það hefur ekki verið byggt síðan 1830, er skriða mikil féll úr fjallinu fyrir ofan bæinn og huldi hann og mestan hluta túnsins. Er þessi skriða talin vera sú mesta, sem fallið hefur við fjörðinn, og hafa skriður þó iðulega valdið þar spjöllum á tünnum og engjum. Skriðan, sem féll 1830, tók ekki aðeins af bæinn, heldur gripahús og alla fjármuni, lifandi og dauða. Fólk bjargaðist þó naumlega úr bænum, nema ein öldruð kona, sem varð undir skriðunni. Er mælt að hún hafi ætlað að bjarga kisu sinni, og það orðið henni til tafar (Ingólfur Kristjánsson 1968).

Skútustaðir: Eyðihjáleiga (frá Ráeyri), byggð í úthögum suður og upp frá túninu fyrir manna minni, en eyðilagðist fyrir 18 árum (úr Jarðabókinni 1712). - Ólafur Jónsson (1957) segir svo um árið 1694. „Olavius segir, að Skútá, hjáleiga frá Háeyri hafi eyðst af skriðu og snjóflóði 1714-1720. Jarðabókin segir hins vegar, að Skútustaðir, hjáleiga frá Ráeyri, Siglufirði, hafi eyðilagst fyrir 18 árum, þ.e. 1694. Vafalaust er þetta sama jörðin og sú, sem Olavius talar um, en Olavius hefur oft ónákvæmar og rangar tímaákvæðanir í skráum sínum um eyðibýli“.

Ráeyrarkot og Skúta: Eru bæði þessi smábýli byggð upp í landareign jarðar þeirrar er Ráeyri hét, en sem lagðist í eyði fyrir rúmum 20 árum, þannig að skriða mikil féll ofan úr fjallinu þar fyrir ofan og niður á bæinn, svo naumlega varð borgið mönnum og eignum. Hafði gjá stór og mikil verið komin ofan í klettana þar fyrir ofan, löngu áður en fjallið loks sprakk fram. Tók skriðuhrun þetta af lendur allmiklar samt hina bestu skipalendingu, er þar hafði áður verið aðalverstaða þeirra, er hákallaveiðar sóttu við Siglufjörð (Sýslu- og sóknarlýsingar 1839-1854, Magnús Kristinsson 1972). - Engi slitrótt, skriðótt og erfitt, undirorpið stærstu áföllum af skriðum og snjóflóðum (úr jarðalýsingu 1849, Sigurjón Sigtryggsson 1986).

Staðarhóll: Túninu hefur hér um fyrir 14 árum spillt ein jarðfallsskriða úr fjallinu og eyðilaggt nokkurn part efst af vellinum. Engið er að mestu eyðilaggt af skriðum úr fjallinu (úr Jarðabókinni 1712). - Ólafur Jónsson (1957) telur að þetta hafi gerst árið 1698.

Rjómalækur: (Eyðihjáleiga frá Staðarhóli) Ekki má hér aftur byggja, því heimajörðin má ekki heyskaparins án vera, þar með hlaupa snjóflóð oftlega á hjáleigustæðið (úr Jarðabókinni 1712).

Neskriður: (Siglunes/Glaumbær) Norðan bæjarins á sjávarbakka liggja fornar götur, sem sýna að nokkuð fjölfarinn vegur hefur legið þar inn með sjónum til Siglufjarðar. Mikið landbrot hefur orðið á þessum slóðum, og þessir götuslóðar eru horfnir á meginhluta leiðarinnar, en koma aftur í ljós innan Neskriðna við Selvík (Sigurjón Sigtryggsson 1986). - Þá getur Ólafur Jónsson (1957) þess að 12. nóv. 1895 hafi Páll Pétursson, vinnumaður frá Staðarhóli á Siglufirði, orðið fyrir grjóthruni undir Nesskriðu, milli Siglufjarðar og Siglunes, og beðið bana af.

Siglunes: Túninu spilla tvö skriðuföll úr fjallinu með leirsáburði til stórs skaða, og svo étur vatnsagi allvíða úr rótina (úr Jarðabókinni 1712). - Hættur af skriðum og snjóflóðum (úr jarðalýsingu 1849, Sigurjón Sigtryggsson 1986).

-„Til skamms tíma sást móta fyrir litlum hringmynduðum kirkjugarði á Siglunesi. Inni í garðinum sást aurmál af lítilli kirkju. ...Heimildarmaður kveðst ekki telja vafa á að þarna hafi verið um að ræða lítið bænhús, reist eftir að kirkjan var flutt. Garðurinn var lítill, hlaðinn þétt við mjög þykka grjót- og aurskriðu. Garðurinn var ekki nærri fullgrafinn, svo hann hefur ekki verið lengi í notkun. Fullyrt er að þetta séu einu merkin um kirkju á Siglunesi. Gæti ekki þarna verið komin skýringin á þessu kirkjuflutingarmáli? (flutningur kirkju að Hvanneyri). Skriða hefur fallið úr Núpnun, yfir kirkju og kirkjugarð, sléttað yfir garðinn og eyðilaggt kirkjuna. Hana þurfti auðvitað að byggja aftur, og þá hefur biskup ákveðið að lúta vilja sóknarbarna“ (Sigurjón Sigtryggsson 1986).

- „Á seinni öldum var Siglunes aðeins ein bújörð, en í fyrstu mun svo ekki hafa verið. Talið er að þrjú fornbýli önnur hafi verið þar að finna. Eitt þeirra er fyrir svo löngu í auðnfallið að nafn þess hefur með öllu týnst það hefur staðið suðaustan undir Nesnúp. Þar upp af eru gjár nokkrar, og hefur framburður þeirra myndað bæjarstæði og tún. Þetta býli mun ekki hafa staðið lengi, og efallítið eyðst af skriðu, sem runnið hefur yfir meginhluta túnsins og eitthvað af bænum. Þar í skriðujaðri örlar fyrir tóftum nokkurra húsa, en neðan við skriðuna sér móta fyrir túngarði á alllögum kafla. Trúlega hefur þetta býli farið í auðn þegar á 12. öld“ (Sigurjón Sigtryggsson 1986).

4 SKRIÐAN Á RÁEYRI

Í febr. 1830 féll mikil skriða á bæinn Ráeyri, sem stóð austan megin við Siglufjörð (mynd 4) og eyddi honum. Skriðufall þetta virðist hafa verið með eindæmum og eru ummerki þess enn þá vel sjáanleg í landinu. En áður en fjallað verður um jarðfræðileg ummerki skriðufallsins er rétt að kanna hvað heimildir segja um atburðinn.

Sigurjón Sigtryggsson (1986) lýsir þannig afdrifum Ráeyrar: „Næst innan við Staðarhól stóð Ráeyri, innst við fjörðinn, út frá mynni Ráeyrardals. Nefndist bærinn eftir eyrartanga litlum, sem þar gekk út í fjörðinn, og hét Ráeyri að fornu. Enn er þar eyri með þessu nafni, þótt hún hafi mjög breytt um svip. Innan við Ráeyrina var góð lending, og þar vísir að verstöð á fyrsta þriðjungi 19. aldar. Bærinn stóð nokkuð upp frá eyrinni austan árinna, sem þá féll beint norður úr dalnum til sjávar. Áður hét áin Ráeyrará, en nú eru bæði nöfn árinna og dalsins kennd við Skútu. Telja má víst að Ráeyri hafi verið byggð frá fyrstu tíð, en engin merki sjást þess nú. Allar menjar um þennan bæ eru horfnar og raunar er ekki vitað nákvæmlega hvar hann stóð. ... Oft var tvíbýli á Ráeyri og síðasta árið sem þar var búið voru þar tveir bændur. Í sóknarmannatali í árslok 1829 voru tíu manns í heimili á Ráeyri. Um mánaðarmótin janúar og febrúar 1830 gerði hlákur miklar og vatnsveður sem náði hámarki 2. febrúar. Um fótaferðartíma miðvikudaginn 3. febrúar tóku að falla skriður, og grjóthrun mikið. Heimafólkið á Ráeyri varð vart við hrunið í tæka tíð og gat forðað sér og komist úr hættu. Allt í einu sprakk ógurleg fylla úr norðvestanverðum Hestskarðshnjúk beint upp af Ráeyrarbæ. Skriðan féll yfir allt túnið og meginhluta engja, gróf bæjarhús undir þykku grjótfargi, einnig útihús öll, utan einn smákofa þar sem voru sex kindur“.

Ef til vill hefur Sigurjón fært nokkuð í stílinn þegar hann lýsti sjálfu skriðufallinu, en svo hljóðar frásögn Ólafs Jónssonar (1957), en hann notar nærri orðrétt frásagnir, Annáls 19. aldar, Árbóka Espólíns og Sýslu- og sóknarlýsinga Bókmenntafélagsins: „Ann. 19. aldar segir svo: 3. febr. féll aurskriða á bæinn Ráeyri í Siglufirði, flýði heimafólkið jafnskjótt og hennar varð vart og gat þannig bjargað lífi sínu, nema Krístrún Björnsdóttir. Tveir bændur bjuggu á jörð þessari. Hafði annar þeirra snúið við heim á leið og ætlað að bjarga kerlingu. Tók skriðan hann og spýtti fram á sjó, en þó komst hann heill af. Skriða þessi var um 300 faðma breið. Hún tók bæinn allan með því, er í var fjós með tveimur kúm og sauðfé allt, nema sex ær, en nokkuð af heyi stóð eftir óhaggað. Espólín telur þetta hafi orðið 10. febr., en það er rangt. Samkv. prestþjónustubókinn fórst Krístrún 3. febr. Hún er talin 78 ára, bústýra á Ráeyri, skilin með dómi frá manni sínum. Um þetta segir enn fremur: Fórst með jarðarinnar túni, parti af engi, öllum húsum og fjármunum öllum, lifandi og dauðum í jarðfallsskriðu,

Því ófundin, Sögn hermir, að það tefði Krístrúnu, að hún hugðist bjarga kisu sinni. Þá segir í sóknarlýsingunni 1856, að stór gjá og mikil hafi fyrir löngu verið komin ofan í klettana fyrir ofan Ráeyri, áður en fjallið sprakk fram. Auk lands þess, er skriðan eyddi, tók hún af hina bestu skipalendingu, er þar hafði áður verið aðalverstaða þeirra, er hákarlaveiðar sóttu við Siglufjörð“.

Þá er til samtímalýsing úr bréfi Amtsmanns á Norðurlandi sem hjóðar svo: „Í dag fyrir 6 bar svo vofveifliga og ógurliga til, að úr fjallinu ofan Ráeyri í Siglufirði, tók sig upp í kvöldrökkrinu stórkostligt jarðfall, sem framvalt allt í sjó út og burttók ásamt því heila vallarstræti, bæinn og öll út- og peningshús með öllu í verandi, kviku og dauðu. Ein gömul kona, sem ei vildi bæinn yfirgefa varð til í hönum, en við í dauðans ofboði burtu að hlaupa gátu 8 manneskjur sér líftórunni forðað, og urðu þannig atvinnu, húsnaðis, fata og allslausar, að frá teknum 7 kindum í kofa utanvallar, tveim hjöllum við sjó, einum hesti og að ég heyrði sagt kú lánaðri til annars heimilis. Því að það sem við mæðusama eftirgrafningu fundust og upp úr jörðunni náðst hefur, er einasta; Dauðyfli tveggja kúa, öll sundur marin, sundurtættar spjarir og sundurmulin brot af spítum og öðrum hurka (svo!), alltsaman að engu gagni; Hey hefur náðst til nota“ (Briem: úr Amtsbréfi, Grund, Eyjafirði 16. mars 1830, Súlur 1990).

Þegar skoðaðar eru loftmyndir af svæðinu umhverfis hina fornu Ráeyri kemur ýmislegt fróðlegt í ljós (mynd 4). Í fjallinu ofan við gömlu Ráeyri er lítið berghlaup og ganga skriðutungur niður úr því og í sjó fram. Hefur bærinn eflaust orðið undir einni þeirra. Sjálft meginhlassið situr eftir upp í fjallshlíðinni og virðist það hafa orðið til á þann hátt að hnjúkur í suðurbrún skálar efst í fjallinu hefur sprungið fram og hlaupið eða sigið niður í hlíðina. Er allur efri hluti hlássins eða berghlaupsins alsettur stórum og greinilegum sprungum. Dæmt af útliti á loftmynd virðist sem allt berghlaupið hafi myndast í einu. Að svo stöddu máli er þó ekki hægt að útiloka þann möguleika að skriðan sem grandaði Ráeyri hafi hlaupið neðst úr berghlaupinu löngu eftir að það myndaðist. Um veðurfar þegar skriðan féll er lítið vitað, það er að segja ef eingöngu er byggt á eldri heimildunum. Í Annál 19. aldar (Pétur Guðmundsson 1912-1922) segir um fyrri huta ársins 1830: „Frá nýári til þorra voru ýmist kyrrviðri eða hægar hlákur, svo varla frusu mýrar, og mátti víðast kalla góðan vetur til einmánuðar“. Virðist sem þessi klausa sé að mestu samin upp úr Árbókum Espólíns (1855). Það sem Sigurjón Sigtryggsson (1986) segir um aðdraganda skriðunnar er annað hvort fært stíllinn eða haft eftir einhverri heimild sem okkur er ókunn. Full ástæða virðist því til að kanna aðstæður í nágrenni Ráeyrar nánar, hugsanlega gæti það gefið okkur einhverja hugmynd um hvort búast megi við því líkum skriðuföllum á Siglufjarðarsvæðinu.

5 SKRIÐUFÖLL AF VÖLDUM JARÐSKJÁLFTA

Nyrsti hluti Miðnorðurlands hefur verið skilgreindur sem jarðskjálftahættusvæði, aðallega vegna þeirra stóru jarðskjálfta sem orðið hafa í hafinu norður af landinu, en sumir þessara jarðskjálfta hafa haft mikil áhrif t.d. við utanverðan Eyjafjörð og Skagafjörð (Eysteinn Tryggvason o.fl. 1958, Sveinbjörn Björnsson 1975, Sveinbjörn Björnsson og Páll Einarsson 1981). Einn af fylgifyskum þessara jarðskjálfta eru skriðuföll og grjóthrun og er fyllsta ástæða til að taka tillit til þess á Siglufjarðarsvæðinu, eins og eftirfarandi lýsingar bera með sér.

„Nóttina milli hins 11. og 12. júní 1838 urðu miklir jarðskjálftar á Norðurlandi og gengu þeir einkum yfir nesin milli Skjálfanda og Húnaflóa. Hrundu þá og skektust nokkrir bæir á útkjálkanum milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar. Hrundi þá og grjót úr sjávarhömrum og spiltust fuglabjörg í Grímsey og Drangey“.

Í lýsingu á jarðskjálftanum frá Siglufirði segir svo: „Fjöllin voru öll í reyk upp úr í gegn af grjóti og björgum, sem niður féllu, og fornir skaflar ultu niður eins og snjóflóð. Við hvern kipp heyrðist dynjandi skruðningur í fjöllunum, og byrjuðu drunur þessar alltaf fyrst í nyrstu höfðunum við Siglufjörð, í Nesnúpi við fjarðarmynnið að austanverðu og Strákafjalli að vestanverðu. Síðan gengu drunurnar inn fjöllin upp til lands“. . . . „Ég skynjaði nú hvers kyns var, og þegar ótti og undrun voru um garð gengin, hvínurinn í lofti og fjöllum var hættur og reykurinn af björgunum er niður féllu hafði lagt burt, bauð ég þegar að léttu akkerum, svo við kæmumst út úr firðinum, af því ég kaus heldur að vera á rúmsjó en inni milli fjalla, ef slík ókjör aftur hefðu dunið yfir“ (Þorvaldur Thoroddsen 1905).

Á undan því fór landskjálftinn, sem hristi allt Norðurland 11. september sama ár (1755). Við vorum þá staddir á Höfðaströnd. . . . Skriður féllu úr öllum fjöllum. Stórir klettar hröpuðu, en aðrir sprungu sundur. . . . Það var guðs forsjón að þakka, að ekkert tjón varð á mönnum í landskjálftum þessum, þegar skriðurnar féllu í straumum niður úr fjöllunum og ekki sást fyrir reykþoku, hverja stefnu björgin, sem niður hlíðarnar ultu, höfðu. . . . Hreyfing landskjálftans gekk frá austri til vesturs í hafinu utan við landið. Tók hún síðan fyrst nesin, en barst síðan inn í landið. Menn veittu þessu best athygli í Siglufirði. . . . Þá sá prestur reykjarmökkinn standa upp frá ystu fjallatöngum og hreyfast síðan ásamt skriðuhruninu inn eftir hlíðunum, allt inn í botn (Ferðabók Eggerts og Bjarna 1772).

6 SKRIÐUFÖLL Á VEGINA Í NÁGRENNI SIGLUFJARÐAR

Varla er hægt að skilja svo við Siglufjarðarsvæðið án þess að fjalla aðeins um skriðuföll á vegina í nágrenni Siglufjarðar, en þau eru mjög tíð. Má þar nefna Strákafjall og Mánárskriður. Þótt þessir vegir hafi verið bættir mikið á síðustu árum er skriðu- og grjóthrunshætta þar enn þá töluverð. Er ástæðan fyrst og fremst sú að bergið í fjöllunum er laust í sér og auk þess er víða mikil urð er utan á fjöllunum og hún hrynur auðveldlega niður. Í Mánárskriðum hefur vegurinn verið sprengdur inn í skriðurnar og er nú töluvert stál ofan við veginn. Ofan við stálið er laus urð upp eftir öllu fjalli og er reyndar furðulegt að meira skuli ekki hafa hrunið úr henni niður á veginn á undanförunum árum. Allar aðstæður þarna gefa tilefni til að búast við efnismiklum og stórum skriðuföllum niður á veginn í framtíðinni.

Svonefndir Almenningar á leiðinni til Siglufjarðar hafa mjög verið í fréttum á þessu ári vegna skriðunnar sem féll á veginn við Kóngsnef í júní s.l. (Ágúst Guðmundsson og Björn A. Harðarsson 1999). Svæðið er þó þekktara fyrir jarðsig, sem menn tóku fyrst eftir, stuttu eftir að vegurinn var byggður (Hafliði Hafliðason 1982, Hreinn Haraldsson 1982). Þarna er stór landspilda, sem nær a.m.k. frá Skarðsvegi og að sæluhúsinu á Almenninum eða um 6 km leið, á hreyfingu. Hreyfingin kemur fram í rykkjum og þá í tengslum við mikla vætutíð eða leysingar og er svæðið allt sprungið, misgengið og þakið sigstöllum af þessum sökum. Jarðfræðingar hafa haft ýmsar skýringar á þessum hreyfingum, en full ástæða virðist til að kanna svæðið

nákvæmlega, því þjóðvegurinn liggur þarna víða fremst á brúninni og aldrei að vita hvenær hann hrynur í sjóinn.

7 NIÐURSTÖÐUR

Skriðuföll á Siglufirði á árunum (1933-1999) tengjast yfirleitt miklum rigningum á skömmum tíma. Greinilega rignir oft mun meira í Siglufirði en annars staðar í nágrenninu og er viðbúið að þá leggist úrkoman meira utan í sumar fjallahliðarnar á svæðinu en aðrar, t.d. fjallið ofan við Siglufjarðarkaupstað. Ríkjandi úrkomuátt á Siglufirði er norðlæg. Á tímabilinu hafa ekki orðið skriðuföll sem tengjast beint leysingum, þótt dæmi séu um skriður samfara mikilli rigningu niður í snjó. Leysingaskriður eru þó vel þekktar í nágrenni bæjarins (Almenningar).

Það er líklegt að á tímabilinu hafi mun oftar orðið svipaðir atburðir á Siglufirði, en heimildir greina frá (sjá töflu 1). Það er reynsla okkar að ef ekki verður tjón í skriðuföllum, þá er það jafnan tilviljunum háð hvort skriðan ratar í heimildir. Sérstaklega gildir þetta um fyrri hluta aldarinnar. Þó er reiknað með að flestra, ef ekki allra stærri atburða sem orðið hafa á tímabilinu sé getið, nema ef til vill vatnsflóða. Í þeim tilvirkum er hugsanlegt að eingöngu vatnsflóðin hafi náð niður í bæinn, en skriður stöðvast ofar.

Á tímabilinu hafa tvisvar sinnum orðið skriðföll úr Syðra Strengsgili (1962, 1982), svæði A. Einu sinni hefur fallið úr Hafnarlæk (1994), en í hann geta fallið bæði skriður af svæði A og B. Flest skriðuföllin hafa orðið á svæði C, úr Fífladalagili og í nágrenni þess (1933, 1934, 1950, 1955) og í nágrenni Gimbrakletta (1955, 1965). Á svæði D er ekki getið um skriðuföll. Önnur skriðuföll á tímabilinu er óstaðsett, nema grjóthrun og skriður úr Strákum (1965, 1973, 1985, 1986, 1988, 1997). Mestu skriðuföllin á tímabilinu eru líklega, 15.-18. apríl 1955 og 16.-18. ágúst 1982.

Þess eru dæmi að grjóthrun, skriður og snjóflóð hafi fylgt stórum jarðskjálftum á Siglufjarðarsvæðinu. Margt bendir til að snemma á 19. öld hafi berghlaup fallið á bæ í Siglufirði. Æskilegt væri að kanna það svæði nánar, með það í huga hvort búast megi við slíkum atburðum í firðinum. Þá væri einnig æskilegt að kanna nánar skriðuhættu við vegina í nágrenni bæjarins, eins og í Mánárskriðum og Almenningum.

8 HEIMILDIR

Ágúst Guðmundsson og Björn A. Harðarson 1999: Greinargerð um aurskriðu úr Kóngsnefi í Fljótum. Jarðfræðistofa ÁGVST og BAH ráðgjöf.

Briem 1830: Úr Amtsbréfi, Grund, Eyjafirði 16. mars 1830. Súlur 30. bls 70-71.

Eysteinn Tryggvason, Sigurður Thoroddsen og Sigurður Þórarinnsson 1958: Greinargerð jarðskjálftanefndar um jarðskjálftahættu á Íslandi. Tímar. Verkfr.f. Ísl. 48, bls. 81-97.

Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson 1772: Ferðabók Eggerts og Bjarna.

- Hafliði Hafliðason 1982: Jarðfræðiskýrsla vegna jarðsigs á Almenningum við Siglufjörð. Vegagerð ríkisins.
- Halldór G. Pétursson 1991: Drög að skriðuannál 1971-1990. Náttúrufræðistofnun Norðurlands, skýrsla 14. 58 bls.
- Halldór G. Pétursson 1992: Skriðuannáll 1951-1970. Náttúrufræðistofnun Norðurlands, skýrsla 16. 57 bls.
- Halldór G. Pétursson 1993: Skriðuannáll 1991-1992. Náttúrufræðistofnun Norðurlands, skýrsla 17. 16 bls.
- Halldór G. Pétursson 1994: Skriðuannáll 1993-1994. Náttúrufræðistofnun Íslands - Akureyri, skýrsla 2. 18 bls.
- Halldór G. Pétursson 1996: Skriðuannáll 1925-1950. Náttúrufræðistofnun Íslands - Akureyri, skýrsla 3. 69 bls.
- Halldór G. Pétursson 1997: Skriður og skriðuföll. Náttúrufræðistofnun Íslands - Ársrit 1996. bls. 12-21.
- Harpa Grímsdóttir 1998: Byggingarár húsa á Siglufirði. Veðurstofa Íslands, greinargerð. VÍ-G98049-ÚR36. 44 bls.
- Hreinn Haraldson 1982: Greinargerð um jarðsig á Siglufjarðarvegi. Vegagerð ríkisins.
- Ingólfur Kristjánsson 1968: Siglufjörður, 150 ára verslunarstaður, 50 ára kaupstaðarréttindi.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1712: Eyjafjarðarsýsla
- Jón Espólin 1855: Ísland árbækur. XII deild.
- Jónas Rafnar og Þorsteinn M. Jónsson 1936: Galdra-Höskuldur. Gríma 11, bls 55-57.
- Magnús Kristinsson (ritst.) 1972: Sýslu- og sóknarlýsingar hins Íslenska Bókmenntafélags 1839-1854. Eyjafjarðarsýsla
- Ólafur Jónsson 1957: Skriðuföll og snjóflóð I og II. Bókaútgáfan Norðri, Akureyri, 586 og 555 bls.
- Ólafur Jónsson 1974: Skriðuannáll 1958-1974. Jökull 24. bls 63-76.
- Pétur Guðmundsson 1912-1922: Annáll 19. aldar. I bindi. 1801-1830. Útg. Hallgrímur Pétursson, Akureyri.
- Sigurjón Sigtryggsson 1986: Frá Hvanndölum til Úlfsdala, bindi I, II og III. Sögusteinn hf., Reykjavík, 1107 bls.
- Sveinbjörn Björnsson 1975: Jarðskjálftar á Íslandi. Náttúrufræðingurinn 45, bls 110-133.


Sveinbjörn Björnsson og Páll Einarsson 1981: Jarðskjálftar. Í Náttúra Íslands, Almenna bókafélagið, Reykjavík, bls. 121-155.

Þorsteinn Sæmundsson og Halldór G. Pétursson 1999: Skriðuhætta á Siglufirði. Veðurstofa Íslands, Greinargerð, VÍ-G99025-ÚR15

Þorvaldur Þoroddsen 1905: Landskjálftar á Íslandi. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn, 269 bls.

Dagsetning	Staðsetning	Tjón
19. ágúst 1933	Skriðuhverfið, úr Fífladalagili (svæði C).	Skriða féll sunnan við Búðarhólana og fram í sjó. Bar hún aur og mól umhverfis allmörg hús, rann inn í kjallara á tveimur stöðum og eitt sjóhús, en olli engum stórskemmdum.
3. sept 1934	Smáskriður féllu víða í fjallinu ofan við Siglufjarðarkaupstað. Líklega á svæði C	Aftaka rigning á Siglufirði og gífurlegt vatnsrennsli úr fjallinu. Vatn rann inn í hús og yfir götur. Margar smáskriður hrundu úr fjallinu, en gerðu ekki verulegt tjón.
Líklega vorið 1950	Norðan við Fífladalagil (svæði C).	Skriða féll um Péturshóla og lenti á ofanverðum kirkjugarðinum.
15. og 18. apríl 1955	Skriður féllu úr Hafnarhyrnu við Gimbrakletta, og líklega úr Fífladalagili (svæði C)	Nokkrar skriður féllu á byggðina á Siglufirði. Þ. 15, en þá féllu skriður úr 250-300 m hæð rétt sunnan við Hvanneyrarskál. Þ. 18. féllu fleiri skriður á „Skriðuhverfið“. Upptök voru sunnar og hærra, í um 400 m hæð. Skemmdir aðallega á lóðum.
Líklega um haust 1962	Syðra Strengsgil (svæði A).	Aurskriða féll úr gilinu og spillti tónum. Skriðan fór yfir svæðið sem nú er Suðurgata 86. Skriðan náði niður fyrir veg (Suðurgötu).
1. sept 1965	Hafnarhyrna (sunnan Gimbrakletta, svæði C), Strákafjall.	Aurskriða féll sunnan Gimbrakletta. Hún skar í sundur veginn upp í Hvanneyrarskál og fyllti á kafla Efri-skurð“, en stöðvaðist í Neðri-skurði.
7. okt 1973	Strákafjall.	Miklar vegaskemmdir bæði vestan og austan megin við Strákagöng.
16.-18. ágúst 1982	Syðra Strengsgil (svæði A)	Nokkrar skriður féllu úr Syðra Strengsgili og ollu verulegum skemmdum. Þær féllu yfir lóðir, götur og upp á miðja húsveggi.
25. okt. 1985	Hafnarfjall, Strákafjall	Aurskriður féllu fyrir ofan Siglufjörð og við Strákagöng.
19. maí 1986	Strákafjall vestanvert	Bifreið varð fyrir grjóthruni
26. júlí 1988	Strákafjall og víða í nágrenni Siglufjarðar.	Skriða lokaði veginum við Siglufjarðarbæ. Skriðuföll urðu víða í nágrenni bæjarins.
27. ágúst 1988	Skarðsdalur	Skriða féll í vatnsból Siglufirðinga.
13. okt. 1994	Hafnarlækur (svæði A/B).	Mikið tjón þegar flæddi inn í þrjú íbúðarhús og frárennslisrör stífluðust við flóð og skriður í Hafnarlæk.
5.-6. okt. 1995	Hugsanlega skriðuföll í Hafnarfjalli	Mikið vatnsflóð á Siglufirði, skriðuföll urðu í nágrenni bæjarins.
6. okt. 1997	Strákafjall.	Grjót hundi á veginn við Strákagöng.

Tafla 1: Yfirlit um flóð og skriðuföll sem orðið hafa á Siglufirði á tímabilinu (1933-1999) og ratað hafa í skráðar heimildir. Upptalningin er alls ekki tæmandi og viðbúið að mun fleiri flóð og jafnvel skriðuföll hafi orðið á tímabilinu.




VEDURSTOFA
ÍSLANDS
December 1999


Mynd 1: Skriðusvæði á Siglufirði (Þorsteinn Sæmundsson og Halldór G. Pétursson 1999).

Svæði A: Jörundarskál – Strengsgil. Svæði B: Skríðulækir (Hafnarlækur).


Svæði C: Fífladalagil – Gimbraklettur. Svæði D: Hvanneyrarskál



Mynd 2: Staðsett skriðuföll á Siglufirði 1933-1999.



Mynd 3: Jarðir í Siglufirði þar sem að fornu er getið skriðufalla eða skriðuhættu.



Mynd 4: Berghlaupið ofan við Ráeyri. Hnjúkur eða brún Skollaskálar hefur sprungið fram og fallið niður í hlíðina. Brotsárið sést greinilega og sprungur umhverfis það. Skriðtungur og múgar sjást neðar í hlíðinni. Hugsanleg staðsetning Ráeyrar hefur verið merkt inn.